Fullgild rafræn undirskrift
BERGNÝ JÓNA SÆVARSDÓTTIR
2026-10-16 13:34:12 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
KARL SIGURÐUR ALVAR ALVARSSON
2026-10-16 13:56:36 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
JÓN BJÖRGVIN GUÐNASON
2026-10-16 17:12:51 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
VILHJÁLMUR ÁRNASON
2026-10-17 01:19:46 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
VALA HRÖNN VIGGÓSDÓTTIR
2026-10-19 09:20:15 GMT
Ástæða: Undirskrift

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
7. fundur 2026 (146. fundur)
FS ritar fundargerð

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 14. október 2026, kl. 8:15, á skrifstofum Isavia á 4. hæð flugstöðvar Leifs Eiríkssonar - fundarherbergi KEF-Reykjavík.

Viðstaddir:

Karl Alvarsson	formaður skipulagsnefndar
Bergný Jóna Sævarsdóttir	skipulagsnefnd
Jón B. Guðnason	"
Vala Hrönn Viggósdóttir	"
Vilhjálmur Árnason	"
Björn Ingi Edvardsson	skipulagsfulltrúi
Friðfinnur Skaftason	ritari

Gestir:
Undir dagskrárlið nr. 8: Frá Öryggisnefnd Félags íslenskra atvinnuflugmanna (ÖFÍA), Jóhannes Bjarni Guðmundsson formaður, Jón Hörður Jónsson fyrrverandi formaður og Orri Eiríksson nefndarmaður.

1. Verklagsreglur skipulagsnefndar.
Til kynningar: Skipulagsfulltrúi kynnir verklagsreglur um samskipti skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar og Isavia fyrir nefndinni.

2. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2023-2040.
Mál nr. 567/2023 í Skipulagsgátt HMS. Kynningartími tillögu er til 23. október 2026.
Til kynningar: Aðalskipulagstillaga er í auglýsingu, þrjár umsagnir hafa borist, þ.e. frá Suðurnesjabæ, Landsneti og Veðurstofunni.

3. Svæðisskipulagsnefnd, beiðni um tilnefningar.
Nefndinni hefur borist beiðni um tilnefningu á fulltrúa í Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja og annars til vara.
Afgreiðsla: Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar tilnefnir formann sem aðalfulltrúa og varaformann til vara.

4. Umsagnarbeiðni, mál nr. 853/2024 í Skipulagsgátt HMS. Umhverfismatsskýrsla. Tvöföldun Reykjanesbrautar.
Skipulagsfulltrúi kynnir tillögu að umsögn nefndarinnar.
Afgreiðsla: Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkir tillögu skipulagsfulltrúa að umsögn um skýrsluna og felur honum afgreiðslu hennar.

5. Umsagnarbeiðnir, mál nr. 1040/2025 í Skipulagsgátt HMS, Bergvík, breyting á aðalskipulagi og mál nr. 1042/2025 í Skipulagsgátt HMS, Bergvík, nýtt deiliskipulag.
Kynningartími er til 13.11.2026. Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar gerði athugasemdir við tillögur að aðalskipulagi og deiliskipulagi Bergvíkur á vinnslustigi. Fyrirvörum hefur verið bætt við í aðalskipulagstillöguna. Rætt er um hvort þeir séu nægjanlega skýrir og útfærðir í deiliskipulagstillögu.

Afgreiðsla: Skipulagsfulltrúa er falið að gera tillögu að umsögn nefndarinnar þar sem skerpt er á fyrri athugasemdum.

6. **Verktakaaðstaða/ vinnubúðir við Þjóðbraut fyrir Verne.**
Frumtillaga að vinnubúðum er kynnt.
Afgreiðsla: Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkir fyrir sitt leyti tillögu Verne að tímabundnum vinnubúðum/verktakaaðstöðu við Þjóðbraut.

7. **Herflug, hávaði og mælingar.**
Til umræðu: Fram kemur að fyrirhuguð er uppbygging íbúðar og hjúkrunarheimilis á Ásbrú, skammt frá Háaleitishlaði. Herflug er ekki með í hljóðvistarútreikningum og því spáð að það muni aukast. Sjá Noise computations for F-35A with noise abatement procedure, dags. 29. janúar 2019. **Skjalið er ekki til dreifingar**.
Ákveðið er að taka málið aftur upp á næsta fundi þar sem framkvæmdastjóri KADECO verður væntanlega gestur.

8. **Öryggisnefnd Félags íslenskra atvinnuflugmanna (ÖFÍA).**
Gestir: Fulltrúar ÖFÍA komu á fund skipulagsnefndarinnar og kynntu sjónarmið sín varðandi skipulagsmál flugvallarins, staðsetningu og skipulag flugvallarinnviða og lögðu áherslu á aukið samráð og að kostnaður einn og sér mætti ekki ráða för við skipulagsákvarðanir. Þessi mál rædd, hvort sjónarmið ÖFÍA skili sér í gegnum flugrekendur í notendasamráðið og hvort rétt sé að ÖFÍA eigi beint samtal við Isavia fyrr í skipulagsferlinu. Skipulagsfulltrúi bauð ÖFÍA upp á að hitta sérfræðinga Isavia varðandi rekstrar- og skipulagsmál til að ræða það sem er fram undan í uppbyggingu á flugvellinum.

9. **Önnur mál.**
Önnur mál eru ekki tekin fyrir.

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 11. nóvember kl. 10:00.
Stefnt er að fá RUMSK og Kadeco á næsta fund.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:10.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:
https://isaviasky.sharepoint.com/sites/D0234/SitePages/Home.aspx